

Drög að fundargerð, vinsamlegast sendið ábendingar á bragihauksson@gmail.com



Árþing Tennissambands Íslands árið 2018

30. árþing Tennissambands Íslands haldið þriðjudaginn 17. apríl 2018 í sal ÍSÍ í Laugardalnum á 3.hæð kl. 18:00.

Dagskrá:

1. Þingsetning kl. 18:10
2. Kosnir fastir starfsmenn þingsins.
Hafsteinn fundarstjóri
Bragi ritari
3. Kosnar fastar nefndir:
 - a) 3 menn í kjörbréfanefnd.
Gunnar, Indriði og Eypór
 - b) 3 menn í fjárhagsnefnd.
 - c) 3 menn í laga- og leikreglnanefnd.
 - d) 3 menn í allsherjarnefnd.
 - e) 3 menn í kjörnefnd.Tillaga um að starfa í einni málstofu samþykkt.
4. Skýrsla stjórnar og fundargerð síðasta árþings.
Ásta benti mönnum á fundargögn varðandi fundargerð síðasta árþings og flutti skýrslu stjórnar. Margt var í gangi og starf gott. Forgangsatíði að auka útbreiðslu. Dómaramál, útbreiðslumál og afreksmál eru áherslumál fjárhagsáætlunar 2018.

Kjörbréfanefnd lauk störfum, eftirtaldir viðurkenndir sem fulltrúar á þinginu:
Kjörbréf gölluð, ÍBR kjörbréf ættu að vera undirrituð af formanni og ritara ÍBR

UMSK
Ásta M. Kristjánsdóttir
Gunnar Finnbjörnsson
Birkir Gunnarsson
Hekla María Oliver

Sigurjón Ágústsson
Rán Christer

ÍBH
Andri Jónsson
Ingibjörg Anna Hjartardóttir
Hjörtur Þór Grétarsson

Tennisfélag Garðabæjar
Eyþór Þórhallsson

ÍBR
Bragi Leifur Hauksson
Berglind Bragadóttir
Raj K. Bonifacius
Rafn Kumar Bonifacius
Ævar Ísberg
Stefán Vilhelmsson
Óskar Knudsen
Indriði H. Þorláksson
Dagbjartur H. Guðmundsson

5. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga til samþykktar.

Hjörtur skýrði reikninga með hliðsjón af gögnum.
Rekstur sambandsins gekk vel.
Tennissambandið varð fyrir barðinu á netþrjótum sem sviku um 460 þús.kr. út úr sambandinu með fölsuðum tölvupóstum og reikningum.
Reikningar bornir upp til samþykktar og samþykktir samhljóða.

Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga.
Raj spurði út í flokkun Tennissambandsins í C flokk, hversu varanleg hún væri?
Ásta benti á að við myndum færast milli flokka í samræmi við reglur og keppikefli okkar að komast á milli flokka.

Raj spurði út í færslur vegna móta erlendis.
Ólympíuleikar æskunnar voru kostaðir erlendis frá.

Spurt út í tölvuþrjóta. Upplýst að þeir voru erlendis og gerðu frekari tilraunir, en það var stöðvað.

Spurt út í Lottó og Getspá. Hafsteinn svaraði því.

6. Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár. Hjörtur fór yfir áætlunina. Átak í dómaramálum, afreksmálum og útbreiðslumálum. Skoðað að fá starfsmann í ákveðin verkefni. Reiknað með að reksturinn verði í járnnum.

Umræða um fjárhagsáætlun

Raj spurði um þátttökugjöld leikmanna. 560 þús.kr. miðast við 8 leikmenn, 70 þús.kr. á mann.

Raj spurði einnig um leyfisgjöld vegna Tennis Europe móta, sem verða líklega hluti af kostnaði mótshaldara. Benti á kröfu um að sjúkraþjálfari sé til staðar.

Andri spurði hvort skoðaðar hefðu verið leiðir til þess að nýta rafræn kerfi sem þátttakendur geta sjálfir skráð í vegna styrkleikalista. Ásta svaraði því að Raj hefði séð um þetta, en sjálfsagt að skoða hvaða möguleikar eru fyrir hendi.

Raj spurði um útbreiðslu- og fræðslunefnd. Ásta benti á að þarna inni væri tillaga stjórnar um hækkun um hálf milljón.

Andri spurði um liðakeppnina. Ásta sagði að Raj hefði unnið ágætt undirbúningsstarf vegna hennar, en stjórnin hrinti því ekki í framkvæmd.

Hjörtur talaði um dómaramál og hugmyndin væri koma á dómara ráði og lyfta dómgæslu upp. Ásta og Andri lýstu áhuga á að auka fagmennsku.

Raj telur æskilegt að undirbúa krakkana fyrir Tennis Europe mót. Andri telur æskilegt að þjálfarar félaganna sjái um þetta.

7. Lagðar fram tillögur um laga- og leikreglnabreytingar ef fram koma. Breyting frá ITF að í flokkum 18 ára og yngri þá er leikið áfram þótt boltinn snerti net í uppgjöf. Samþykkt að fela stjórn að fella þetta inn í reglurnar og kynna félögunum.
8. Umræður um tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnar.

Raj nefndi að hann hefði sent fyrirspurnir til stjórnar. Honum var bent á að hann hefði fengið svör við þeim, en Ásta bauðst til þess að lesa bæði spurningarnar og svörin upp á ársþinginu og þáði hann það. Spurningarnar og svörin eru hér fyrir neðan: **Svör í rauðu**

- Birting af fundagerðir TSÍ - <http://tennissamband.is/um-tsi/fundargerdir/> Það hefur ekki birt fundagerð TSÍ inná heimasíðunni síðan 27.febrúar 2017 og hefur það kannski valdið ástæðan fyrir því að ég vildi heyra meira af ákvörðunar TSÍ. **Þetta hefur dregist úr hófi og er verið að setja fundagerðir inn á heimasíðuna þessa dagana.**
- Liðakeppni TSÍ 2017 - Á árinu 2016-7 vann ég mikið af undirbúnings vinnu í hönnun af tilverandi Liðakeppni TSÍ fyrir árið 2017. Eldri blaðgrein frá fyrsta liðakeppni í tennis (sjá viðhengi),

hugbunaður til að stýrra og fyrirkomalagi var kynnt á Ársþing TSÍ 2017. Tillagan var svo samþykkt á þingið (innan fjárhagsáætlun var ráðstafað 481.000 kr. frá TSÍ, sjá viðhengi) En svo var ekkert gert. **Umræður fóru af stað vegna tímasetningar og fyrirkomulags en því miður var þetta mál ekki klárað innan stjórnar sem er synd. Liðakeppnin hefur verið sett aftur inn á fjárhagsáætlun 2018 enda allir sammála um mikilvægi hennar.**

- Leikreglnabreytingar fyrir U18 tennis - Enginn "let" lengur fyrir uppgjöf, leikurinn heldur áfram . **Þetta er ný regla sem ITF hefur sett á öll unglíngamót sín og mikilvægt að við komum á hjá okkur til að venja krakkana við. Ágætt að ræða á ársþingi hvernig best er að framkvæma.**
- Dómaranámskeið - fræðsla. Er hægt að styrkja námskeið fyrir núverandi og nýju dómara? **Þetta er komið inn á Fjárhagsáætlun 2018 og verður kynnt á ársþinginu.**
- Það sem TSÍ er þróunarsamband innan ÍSÍ, eru einhverju styrkveitingar sem félög innan TSÍ getur sækja um? **Mér er ekki kunnugt um þróunarstyrk hjá ÍSÍ en það má spyrja um það. Breytingar hafa hinsvegar orðið á Afrekssjóð ÍSÍ og erum við að fara að fá hærri styrk þaðan. Þetta verður kynnt á ársþinginu.**
- Landsliðsþjálfun á sumrin - er möguleika að halda áfram með landsliðsæfingar á sumrin þar sem við höfum fleiri vellir til ráðstafana? **Geymum þetta handa nýrri stjórn að ákveða.**
- Samkvæmt lög TSÍ eigi dagsetning fyrir Íslandsmót Utanhúss verið komnir fyrir áramót - hvenær er Íslandsmót Utanhúss? **Ákveðið hefur verið að verða við óskum spilara um að breyta tímasetningu mótsins og er stefnt á að halda það í júní. Nánari tímasetning verður tilkynnt á næstu vikum. Það verður fróðlegt að sjá hvernig þessi breyting á tímasetningu kemur út.**
- Hvernig litur út mótaráð TSÍ í sumar? **Líkt og undanfarin ár hefur þetta legið í höndum ykkar og ekki mikið um mót á vegum TSÍ á sumrin, nema utanhússmótið. Klúbbarnir hafa verið að halda mót og svo einnig Evrópumótin.**
- Hvenær er Íslandsmót Innanhúss í ár? **verður staðfest af nýrri stjórn**

Raj leggur áherslu á að varastjórn fái upplýsingar um samþykktir stjórnar, sem og aðrir. Ásta talar um að bætt verði úr þessu.

Raj stingur upp á reglulegum formannafundum félaganna. Hafsteinn stingur upp á að byrja með 1-2 slíka fundi á ári.

Þróunarstjóri ITF kemur í heimsókn á næstunni.

Raj ræddi nýjar leiðir til þess að hjálpa fólki að komast í atvinnumennsku.

Einar leggur til að samræmt undirlag sé á völlum. Andri bendir á að hard court vellir séu vinsælli.

Bragi hvetur til samstarfs félaganna um t.d. inniaðstöðu í Reykjavík.

Spurt um fjölda tennisfélaga. 13 skráð.

Andri býður fram ráðgjöf sína og annarra þjálfara við stjórn TSÍ. Vinna með sambandinu til að hrinda hlutum í framkvæmd. Benti á hvernig þessu er háttað í Danmörku. Tillögu beint til stjórnar.

9. Önnur mál.
Engin.

10. Kosning stjórnar, varastjórnar, skoðunarmanna reikninga og fulltrúa á íþróttatæping.

Hjörtur sjálfkjörinn formaður.
Bragi og Raj sjálfkjörnir til tveggja ára
Gunnar situr áfram
Ingibjörg Hjartardóttir sjálfkjörin til eins árs
Jónas, Ævar og Berglind sjálfkjörin í varastjórn

Skoðunarmenn reikninga Þrándur og Steinunn Garðars

Fulltrúar á íþróttatæping vísað til stjórnar.

11. Þingfundargerðir lesnar og staðfestar.

Ákveðið að birta á vefnum í samráði við stjórn og óska eftir athugasemdum

12. Þingslit

Hafsteinn þakkað samstarf ÍSÍ og Tennissambandsins. Benti á tekjumöguleika félaganna vegna getrauna. Hvetur til þess að starfið sé eft. Hvernig forum við úr því að vera þróunarsérsamband yfir í að vera alþjóðlegt sérsamband? Hvernig er fjármunum best varið? Óskar TSÍ velfarnaðar.

Hafsteinn sæmir fráfarandi formann, Ástu Kristjánsdóttur gullmerki TSÍ fyrir vel unnin störf.

Ásta þakkaði heiðurinn og hvatti nýja stjórn til dáða.

Hafsteinn slítur þinginu.